



Fundargerð

1391. fundur bæjarráðs Reykjanesbæjar, haldinn í Merkinesi, Hljómahöll
3. nóvember 2022, kl. 08:00

Viðstaddir:

Friðjón Einarsson formaður, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, Margrét A. Sanders, Sverrir Bergmann Magnússon og Valgerður Björk Pálsdóttir.

Að auki sátu fundinn Gunnar Felix Rúnarsson áheyrnarfulltrúi, Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

Guðný Birna Guðmundsdóttir boðaði forföll, Sverrir Bergmann Magnússon sat fyrir hana. Margrét Þórarinsdóttir boðaði forföll, Gunnar Felix Rúnarsson sat fyrir hana.

* * *

1. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna - aðgerðaáætlun (2020021548)

Hjörtur Magni Sigurðsson verkefnastjóri barnvæns sveitarfélags og Aðalheiður J. Óskarsdóttir verkefnastjóri gæðamála mættu á fundinn. Lögð fram drög að aðgerðaáætlun Reykjanesbæjar vegna innleiðingar Barnasáttmálans.

Bæjarráð þakkar Hirti Magna Sigurðssyni fyrir vandaða og góða aðgerðaáætlun.

2. Kvikmyndaverkefni True North (2022110018)

Halldóra G. Jónsdóttir aðstoðarmaður bæjarstjóra mætti á fundinn og lagði fram minnisblað vegna kvikmyndaverkefnis True North í Reykjanesbæ frá 25. nóvember til 3. desember.

Bæjarráð fagnar verkefninu og góðum undirtektum íbúa, verslunareigenda og fyrirtækja.

3. Fjárhagsáætlun 2023-2026 (2022080148)

Regína F. Guðmundsdóttir fjármálastjóri mætti á fundinn. Umræða um fjárhagsáætlun 2023 til 2026, A hluta.

4. Varðveislu- og geymsluhúsnæði fyrir söfn og menningarstofnanir Reykjanesbæjar (2022030093)

Lagt fram minnisblað og þarfa- og valkostagreining fyrir söfn og menningarstofnanir Reykjanesbæjar.

Bæjarráð þakkar fyrir greinagóða þarfa- og valkostagreiningu frá Evu Kristínu Dal forstöðumanni Byggðasafns Reykjanesbæjar.

5. Fundargerð svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja 6. október 2022 (2022010404)

Fundargerð lögð fram til kynningar.

6. Fundargerð heilbrigðisnefndar Suðurnesja 20. október 2022 (2022020838)

Fundargerð lögð fram til kynningar.

7. Fundargerð byggingarnefndar skóla 26. október 2022 (2022100267)

Fundargerð lögð fram til kynningar.

8. Umsögn um tækifærisleyfi – Nemendafélag Fjölbrautaskóla Suðurnesja (2022100608)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um tækifærisleyfi. Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

9. Umsagnarmál frá nefndasviði Alþingis (2022010436)

- a. Frumvarp til laga um útlendinga (alþjóðleg vernd), 382. mál
<https://www.althingi.is/altext/pdf/153/s/0400.pdf>

Umsagnarmál lagt fram.

10. Stjórnarfundir Tjarnargötu 12 ehf. (2022010328)

Lögð fram drög að verksamningi.

Stjórn Tjarnargötu 12 ehf. samþykkir fyrirbyggjandi samningsdrög og felur Kjartani Má Kjartanssyni framkvæmdastjóra Tjarnargötu 12 ehf. að undirrita samninginn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:55